

L Ö G

um breyting á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Mörk Reykjavíkur og Kópavogs, sem ákveðin eru í 1. gr. laga nr. 46/1923 um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og 1. gr. laga nr. 30/1955 um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað, skulu breytast þannig að þau verði framvegis þessi:

Punktur nr.:	X-hnit:	Y-hnit:
H (7) (óbreyttur)	17444.17	11785.70
8	17861.46	12061.14
9	18668.74	12717.36
36	18783.596	13475.884
33	18649.643	13493.396
37	18359.852	13563.293
38	18240.244	13606.054
15	18128.737	13671.225
16	18197.711	13711.123
17	17998.943	14005.547
18	17979.921	14077.254
40 (óbreyttur)	18111.777	14426.875
E (4) (óbreyttur)	17947.99	14658.30

Mörkin eru beinar línur eða hringbogar milli ofangreindra punkta, þannig:

Milli H (7) og 8	: Bein lína.
Milli 8 og 9	: Bein lína.
Milli 9 og 36	: Bein lína.
Milli 36 og 33	: Bein lína.
Milli 33 og 37	: Hringbogi með radíus $R = 1400$ m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 33 að punkti nr. 37.
Milli 37 og 38	: Bein lína.
Milli 38 og 15	: Hringbogi með radíus $R = 350$ m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 38 að punkti nr. 15.
Milli 15 og 16	: Bein lína.
Milli 16 og 17	: Hringbogi með radíus $R = 679.5$ m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 16 að punkti nr. 17.
Milli 17 og 18	: Hringbogi með radíus $R = 530$ m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 17 að punkti nr. 18.
Milli 18 og 40	: Hringbogi með radíus $R = 441.4$ m með miðju vinstra megin, þegar horft er frá punkti nr. 18 að punkti nr. 40.
Milli 40 og E (4)	: Bein lína.

2. gr.

Nú kemur í ljós við nánari hönnun vegakerfis, að ráðlegt þykir að víkja frá þeim mörkum, sem um ræðir í 1. gr., og er þá heimilt að gera það með reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur samkvæmt tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Kópavogs, sbr. samning þeirra, dags. 9. október 1973.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „aflvéla og ökutækja“ í 1. málsg. 27. gr. laganna komi: hvers konar íþróttæfinga, íþróttasýninga og íþróttakeppni.

2. gr.

Nýr stafliður (f) bætist aftan við 1. málsg. 29. gr. laganna, svo hljóðandi: f. íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára.

3. gr.

Á eftir 4. málsg. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Iðgjöld vegna íþróttafólks greiðast sameiginlega af ríkissjóði og Íþróttasambandi Íslands, og skulu nánari ákvæði um skiptingu iðgjaldsgreiðslna, svo og um slysa-tryggingar íþróttafólks, sett í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.